



Til aðildarsveitarfélaga SASS

Selfossi, 21. Maí 2025

Efni: Aðalfundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Aðalfundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga verður haldinn í Ölfusi þann 25. júní nk. Auk aðalfundar SASS verður aukaaðalfundur haldinn hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands (HSL) þann sama dag.

Óskað er eftir að sveitarfélögin tilkynni þátttöku fulltrúa sinna með því að fylla út rafrænt skráningarform á sbr. slóðina [Skráning á aðalfund SASS 2026 sem fram fer í Ölfusi 25. júní 2026 – Fill out form](#) fyrir 18. júní nk., í samræmi við eftirfarandi töflu:

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1.1.2026	Fjöldi fulltrúa
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.631	5
Skaftárhreppur	651	3
Mýrdalshreppur	1.004	4
Rangárþing eystra	2.142	5
Rangárþing ytra	1.966	4
Vestmannaeyjabær	4.518	7
Ásahreppur	305	2
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	667	3
Flóahreppur	741	3
Sveitarfélagið Árborg	12.671	15
Hrunamannahreppur	912	3
Bláskógabyggð	1.453	4
Grímsnes- og Grafningshreppur	658	3
Hveragerðisbær	3.344	6
Sveitarfélagið Ölfus	2.907	5




Samtals	36.570	72
---------	--------	----

Kjörgengir á aðalfundinn eru framkvæmdastjórar sveitarfélaga, sveitarstjórnarmenn og varamenn þeirra.

Tillögur sem sveitarfélög eða fulltrúar þeirra hyggjast leggja fyrir aðalfundinn þurfa að berast skrifstofu SASS fyrir 11. júní nk., þannig að þær liggi fyrir með öðrum fundargögnum. Ef tillagan snýr að breytingum á samþykktum samtakanna þurfa þær að berast stjórn þremur vikum fyrir aðalfund eða í síðasta lagi 4. júní nk.

Aðalfundarboð ásamt tilskildum fundargögnum mun liggja fyrir á sérstöku vefsvæði í síðasta lagi fimmtudaginn 11. júní nk. Aðalfundarfulltrúum og öðrum skráðum fundarmönnum verða send lykilorð tímanlega til að komast inn á vefsvæðið. Af þessum sökum er mikilvægt að skráð verði á kjörbréf virk netföng þingfulltrúa.

Með kveðju,
f.h. stjórnar SASS


framkvæmdastjóri